



Fréttatilkynning
10 March 2025 08:45:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 10

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 3. mars 2025 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum sem upphaflega var tilkynnt um 14. júní 2024. Í viku 10 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 1.680.000 eigin hluti að kaupverði alls kr. 202.770.000 eins og nánar er greint í þessari tilkynningu.

Í viku 10 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 1.680.000 eigin hluti að kaupverði alls kr. 202.770.000 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr.)	Eigin hlutir eftir viðskipti
4.3.2025	10:26	420.000	119,25	50.085.000	119.949.230
5.3.2025	12:20	420.000	119,50	50.190.000	120.369.230
6.3.2025	11:07	420.000	120,25	50.505.000	120.789.230
7.3.2025	10:04	200.000	123,00	24.600.000	120.989.230
7.3.2025	14:33	220.000	124,50	27.390.000	121.209.230
		1.680.000		202.770.000	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 10 átti bankinn 119.529.230 hluti, sem nemur 5,98% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 1.680.000 hluti, sem nemur 0,08% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 202.770.000 í umferðinni.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa allt að 10 milljón hluti sem jafngildir 0,50% af útgefnum hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 4. mars síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 26. mars 2025.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 121.209.230 eigin hluti eða sem nemur 6,06% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596 /2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglur 1275/2024 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirbyggjandi.



Fréttatilkynning
10 March 2025 08:45:00 GMT

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 10](#)